

---

## Almennir tryggingarskilmálar fyrir ellilífeyrisþáttinn: Framtíðarlífeyrir Klassík E 70

---

Ágæti viðskiptavinur.

Eftirfarandi skilmálar skýra reglurnar sem gilda um samning þinn.

Skilmálarnir kveða á um reglur fyrir ýmsa þætti. Það merkir að við tiltekna aðstæður eiga ekki öll eftirfarandi ákvæði við tryggingarsamning þinn.

Í sumum samningum, (t.d. samningum með sérstökum samþykktum um hvernig hagnaði skuli varið eða tryggingum innan hópsamninga), þarf að breyta eða auka við einstök ákvæði skilmálanna. Slíkar breytingar eða viðbætur eru prentaðar í lok þessara skilmála eða birtir sérstaklega í „Sérstökum skilmálum“.

Ef tryggingarsamningur þinn nær yfir fleiri þætti gilda Sérstakir skilmálar líka fyrir þá. Í Sérstöku skilmálunum er ellilífeyrisþátturinn talinn sem grunnþáttur.

Ef þú vilt spyrja einhvers eða hefur einhverjar óskir varðandi tryggingu þína skaltu snúa þér til tryggingaráðgjafa þins eða beint til okkar.

Með kveðju

Allianz Ísland hf.

---

### Efnisyfirlit:

---

A	Almennt um tryggingu þína	§ 16	Hvernig geturðu breytt iðgjaldagreiðslu- og/eða biðtíma?
B	Almennir tryggingarskilmálar	§ 17	Hvenær geturðu gert trygginguna iðgjaldsfria?
§ 1	Hvað er tryggt?	§ 18	Hvenær geturðu sagt tryggingunni upp?
§ 2	Hvernig færð þú hlutdeild í hagnaði okkar?	§ 19	Hve lengi geturðu komið upprunalegri tryggingarvernd aftur á eftir að þú hefur haft trygginguna iðgjaldsfria?
§ 3	Hvað gildir ef hinn samtryggti deyr meðan á biðtíma stendur ef eftirlifendalífeyrisþáttur fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun er innifalinn?	§ 20	Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð í skilningi laganna?
§ 4	Hvenær geturðu tekið höfuðstól úr tryggingu þinni?	§ 21	Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna-sýkla- eða efnavopna/efna?
§ 5	Hvenær geturðu valið höfuðstól í stað lífeyris?	§ 22	Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?
§ 6	Hvernig geturðu hagað lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma sveigjanlega?	§ 23	Hvað ber að athuga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?
§ 7	Hvenær á biðtímanum geturðu bætt við eftirlifendalífeyrisþáttum án áhættukönnunar?	§ 24	Hvað felst í tryggingarskírteininu?
§ 8	Hvernig geturðu breytt greiðslum við fráfall eftir lífeyrisgreiðslubyrjun?	§ 25	Hvað gildir um tilkynningar og yfirlýsingar sem varða tryggingar-sambandið?
§ 9	Hvenær geturðu innifalið tryggingarvernd fyrir umönnunartilfelli?	§ 26	Hvað gildir samkvæmt lögum ef þú tilkynnir okkur ekki um breytingar á heimilisfangi þínu eða nafni?
§ 10	Hvenær hefst tryggingarverndin?	§ 27	Hver fær tryggingargreiðslurnar?
§ 11	Hvað þarftu að hafa í huga við iðgjaldagreiðslu?	§ 28	Hvernig er samningsgerðar- og sölu-kostnaður dreginn af iðgjöldum þínum?
§ 12	Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?	§ 29	Fyrir hvað getum við krafist þig sérstaklega um kostnað?
§ 13	Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?	§ 30	Hvaða réttarreglur gilda?
§ 14	Hvað gildir um iðgjaldagreiðslu í atvinnuleysi eða skertu starfi, foreldraorlofi eða framhaldsstarfsnámi?	§ 31	Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?
§ 15	Hvenær geturðu greitt viðbótargreiðslur?	C	Breytingar og viðbætur við Almenna tryggingarskilmála fyrir ellilífeyrisþáttinn: Framtíðarlífeyrir Klassík.

---

## A Almenn um tryggingu þína

---

Fyrst viljum við útskýra nokkur hugtök sem notuð eru í tryggingarskilmálunum.

**Biðtími:** Biðtíminn er tímabilið frá umsaminni tryggingarbyrjun til umsaminnar lífeyrisgreiðslubyrjunar.

**Bankavinnudagur:** Bankavinnudagur í skilningi þessara skilmála er dagur sem er bankavinnudagur í Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

**Bótahöfuðstóll:** Bótahöfuðstóll tryggingarinnar er reiknaður út samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingafræðinnar með forsendum iðgjaldaútreikningsins. Hann reiknast úr uppsöfnuðum iðgjöldum með viðmiðunarvöxtum og hugsanlega árlegri hagnaðarhlutdeild ef hún er ekki ætluð til að mæta áhættu og kostnaði. Hann er grundvöllur fyrir endurkaupsverð, lokagreiðslu og hlutdeild í matsvirðisauka.

**Bótasjóður:** Tryggingarfélag hafa lagaskyldu til að mynda bótasjóð fyrir kröfur tryggingartaka. Hann samsvarar upphæðinni sem þarf að vera til taks svo að hægt sé, ásamt með væntanlegum tryggingaiðgjöldum og vöxtum, að fjármagna tryggðar tryggingargreiðslur. Bótasjóðurinn er reiknaður út samkvæmt ákvæðum í §§ 341 e og f í verslunarlögum (HGB) og bótasjóðsreglugerðinni.

**Viðeigandi gjaldskrárákvæði:** Á samningstímanum kunna að verða breytingar á tryggingu þinni. Um breyttan hluta tryggingarinnar gilda gjaldskrárákvæði sem þá eru viðeigandi hverju sinni.

Í þessum gjaldskrárákvæðum eru ákveðnar reikningsforsendur sem nota skal við iðgjaldaútreikninginn. Sem reikningsforsendur teljum við líffræðitölfræðilegar brottfallsreglur svo sem t. d. dánartíðnitöflur, töflur um líkur á óvinnufærni og umönnunarþörf og/eða viðmiðunarvexti.

Mögulegar eru reikningsforsendur

- sem við höfum ákveðið við gerð samnings um tryggingu þína
- sem giltu við síðustu breytingu
- sem við ákveðum á breytingardegi þegar samið er um nýjar tryggingar

Aðrar reikningsforsendur en við samningsgerð eða við síðustu breytingu getum við þá aðeins lagt til grundvallar ef aðrar reikningsforsendur til að reikna út bótasjóðinn gilda á breytingardegi fyrir nýjar sambærilegar tryggingar vegna ákvarðana eftirlitsyfirvalda og/eða opinberra yfirlýsinga Þýska tryggingafræðingafélagsins (DAV).

Ef við leggjum aðrar reikningsforsendur til grundvallar en við lögðum til grundvallar við samningsgerð eða við síðustu breytingu upplýsum við þig um það í tilkynningunni um breytinguna.

**Hinn samtryggði:** Ef eftirlifendalífeyrir er innifalinn er hinn samtryggði sá einstaklingur sem greiða skal fyrir eftirlifendalífeyri ævilangt eftir fráfall hins tryggða.

**Reikningsaldur:** Reikningsaldur er aldur hins tryggða hverju sinni - þá er aldursári sem er hafið en ekki lokið bætt við ef af því eru liðnir meira en sex mánuðir.

**Tryggingartaki:** Tryggingartaki í skilningi þessara skilmála er sá sem sótti um trygginguna. Hann er tilgreindur þannig í tryggingarskírteininu.

**Hinn tryggði:** Hinn tryggði í skilningi þessara skilmála er sá einstaklingur – í félagatryggingum, ef ekki er kveðið á um annað, allir þeir einstaklingar – sem lífftryggður/ir er/u með samningi um ellilífeyrisþáttinn. Réttindi og skyldur sem kveðið er á um í skilmálunum eiga fyrst og fremst aðeins við um tryggingartakann sem viðsemjanda okkar.

---

## B Almennir tryggingarskilmálar

---

### § 1 Hvað er tryggt?

#### (1) Greiðslur við lífun

Lífi hinn tryggði umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við tryggðan lífeyri meðan hinn tryggði lifir. Til að reikna út tryggðan lífeyri notum við eigin dánartíðnitöflu fyrirtækisins „AZ 2006 R“ og ákveðum 2,25% sem viðmiðunarvexti. Fyrir gjaldskrár með höfuðstól við fráfall er á biðtímanum notuð eigin dánartíðnitafla fyrirtækisins „AZ 2008 T.“

Ef þú hefur samið um félagatryggingu og lífi allir hinir tryggðu umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við tryggðan lífeyri meðan að minnsta kosti einn hinna tryggðu lifir.

Við greiðum lífeyrinn samkvæmt samningi árlega, á hálfis árs fresti, ársfjórðungslega eða mánaðarlega, á fyrsta bankavinnudegi eftir umsamda gjalddaga.

## (2) Greiðslur við fráfall fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun

a) Ef þú hefur samið um iðgjaldsendurgreiðslu endurgreiðum við við fráfall hins tryggða fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun greidd iðgjöld fyrir ellilífeyrisþáttinn, án iðgjalda fyrir aðra þætti sem kunna að vera innifaldir.

b) Óháð þessum greiðslum greiðum við við fráfall hins tryggða fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun höfuðstól sem nemur 25.000 EUR ef andlátíð verður innan fyrstu þriggja mánaðanna eftir fæðingu barns hins tryggða eða að hinn tryggði ættleiðir ófullveðja einstakling.

Í félagatryggingu nægir það til að til greiðslu komi að ofangreindar forsendur séu fyrir hendi hjá einum hinna tryggðu.

Ef um fjölburaæðingar eða ættleiðingu fleiri en eins barns er að ræða greiðum við höfuðstólinn aðeins einu sinni. Ef þú tilkynnir okkur fæðinguna eða ættleiðinguna skriflega innan þriggja mánaða lengist þessi andlátstryggingarvernd í samtals sex mánuði.

## (3) Greiðslur við fráfall eftir lífeyrisgreiðslubyrjun

a) Hafir þú samið um útborgun höfuðstóls við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og ekki innifalið eftirlífendalífeyri eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og deyi hinn tryggði á lífeyrisgreiðslutímanum greiðum við umsaminn höfuðstól að frádregnum þeim lífeyri sem tryggður er frá lífeyrisgreiðslubyrjun og þegar hefur verið greiddur. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.

b) Hafir þú samið um útborgun höfuðstóls við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og innifalið eftirlífendalífeyri eftir lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við umsaminn höfuðstól við andlát þess sem lengst lifir (hins tryggða eða hins samtryggða) að frádregnum einum þeim ellilífeyri sem tryggður er frá lífeyrisgreiðslubyrjun fyrir hvern lífeyrisgreiðslugjaldþaga sem sá hefur lifað sem lengst lífi. Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.

## § 2 Hvernig færð þú hlutdeild í hagnaði okkar?

Við veitum þér og öðrum tryggingartökum hlutdeild í hagnaði og matsvirkisauka (hagnaðarhlutdeild) samkvæmt § 153 í tryggingarsamningalögum (VVG). Hagnaðurinn er reiknaður út samkvæmt reglum verslunarlaga og tilgreindur árlega í ársuppgjöri okkar. Matsvirkisaukinn er tilgreindur í viðbæti við ársskýrslu okkar.

Hæð hagnaðar fer einkum eftir vaxtaþróun á fjármagnsmarkaði, þróun áhættu og kostnaði. Hæð matsvirkisauka er einnig háð fjármagnsmarkaði. Vegna langs samningstíma er ekki hægt að sjá fyrir hve mikil áhrifin verða. Þess vegna er ekki hægt að ábyrgjast hæð hagnaðarhlutdeildarinnar.

## (1) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild tryggingartaka

(a) Hagnaðurinn fæst aðallega með tekjum af fjárfestingum. Af nettótekjum þeirra fjárfestinga sem ætlaðar eru til tryggingargreiðslna í framtíðinni samkvæmt § 3 í Reglugerð um lágmarksiðgjaldsendurgreiðslu við líftryggingu fá tryggingartakarnir að minnsta kosti hlutann sem tilgreindur er í reglugerðinni. Með þessari upphæð er fyrst fjármöggnuð tryggð ávöxtun bótasjóðsins. Fjármagnstekjurnar sem þá eru eftir notum við í hagnaðarhlutdeild tryggingartakanna.

Frekari hagnaður verður til ef dánartíðni og kostnaður verða hagkvæmari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Af þessum hagnaði fá tryggingartakarnir líka að minnsta kosti hlutann sem tilgreindur er í ofangreindri reglugerð.

(b) Einstakar tryggingar leggja mismunandi mikið til hagnaðarins. Við höfum því sett sambærilegar tryggingar saman í flokka. Hagnaðarflokka myndum við til að taka tillit til áhættunnar sem er tryggð, t.d. andláts- eða örorkuáhættu. Undirflokkar miðast við sérkenni samninga, t.d. tryggingarbyrjun og form iðgjaldagreiðslu.

Hagnaðinum fyrir tryggingartaka er deilt á einstaka flokka í samræmi við framlag þeirra til myndunar hans.

Þann hluta hagnaðarins sem fellur í hlut tryggingartaka leggjum við í sjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu, ef honum er ekki þegar úthlutað beint í formi svonefndrar beingreiðslu til trygginga sem eiga rétt á hagnaði. Hlutverk þessa sjóðs er að jafna út hagnaðarsveiflur á lengri tíma. Yfirleitt má aðeins nota hann fyrir hagnaðarhlutdeild tryggingartaka. Aðeins með samþykki eftirlitsyfirvalda getum við notað sjóðinn í undantekningartilfellum til að afstýra yfirvofandi neyðarástandi, til að jafna út ófyrirsjáanlegt tap eða – ef aðlaga þarf reikningsforsendur vegna ófyrirsjáanlegrar og ekki aðeins tímabundinnar breytingar – til að hækka bótasjóðinn (§ 56a VAG).

c) Matsvirkisauki verður til þegar markaðsverð fjárfestinga er hærra en verðgildið sem fjárfestingarnar eru bókfærðar með í uppgjörinu. Matsvirkisaukinn tryggir öryggi og hlutverk hans er að jafna út skammtímasveiflur á fjármagnsmarkaði. Við veitum tryggingartökum okkar hlutdeild í þessum matsvirkisauka samkvæmt § 153, tölulíð 3 VVG. Hlutdeildin er bundin því skilyrði

samkvæmt § 153, tölulíð 3, málsgrein 3 VVG að fylgt sé eftirlitsákvæðum sem gilda fyrir okkur um fjármögnun. Hæð matsvirðisaukans er reiknuð út að nýju mánaðarlega. Verðgildinu sem fæst þannig er deilt niður á samningana samkvæmt tölulíð 2.

## (2) Grundvallarreglur og mælikvarðar fyrir hagnaðarhlutdeild samnings þíns

(a) Til hvaða flokks tryggingarpáttur þinn telst sérð þú í tryggingarupplýsingunum. Háð þeirri flokkun veitum við þínum þætti hlutdeild í áunnum hagnaði í byrjun hvers tryggingarárs (árleg hagnaðarhlutdeild). Auk þess getur lokahagnaðarhluti bæst við við samningslok eða elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslubyrjun. Auk þess færð þú við samningslok eða elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslubyrjun og við stöðugar lífeyrisgreiðslur hlutdeild í matsvirðisauka. Við birtum hagnaðarhlutdeildarprósenturnar í ársreikningi okkar eða tilkynnum þér um þær sérstaklega.

(b) Stuðlarnir, sem hagnaðarhlutdeildarprósenturnar miðast við, fara einkum eftir tryggingarþætti, aldri hins tryggða, biðtíma og hæð tryggðs höfuðstóls. Þeir eru reiknaðar út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar.

Nánari upplýsingar sérðu í Tryggingarfræðilegu ábendingunum sem fylgja þessum skilmálum.

(c) Á biðtímanum fjármögnum við með árlegum hagnaðarhluta tryggingarpáttar þíns og árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – iðgjaldslausan rétt til aukagreiðslu (iðgjaldabónus). Árlegu hagnaðarhlutarnir eru þannig bundnir til að fjármagna viðbótargreiðslur. Þeir eru þá ekki til ráðstöfunar til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat bótasjóðsins, t.d. vegna þess að lífslíkur verða lengri en gert er ráð fyrir í útreikningsforsendum.

Iðgjaldabónus myndast úr sömu þáttum og trygging þín en í honum felst þó ekki þátturinn höfuðstóll við andlát af slysförum. Ef þátturinn höfuðstóll við andlát er innifalinn samsvarar höfuðstóll við andlát í iðgjaldabónus alltaf tryggðum höfuðstól til ellilífeyris. Að öðru leyti eru greiðslur úr bónusnum í sama hlutfalli innbyrðis og greiðslur úr tryggingu þinni með eftirfarandi undantekningum:

- Ef eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun er innifalinn má eftirlifendalífeyrir úr bónusnum ekki vera hærri en eftirlifendalífeyrir eftir lífeyrisgreiðslubyrjun. Ef eftirlifendalífeyrir eftir lífeyrisgreiðslubyrjun er ekki innifalinn má eftirlifendalífeyrir úr bónusnum ekki vera hærri en ellilífeyririnn.
- Ef örorkulífeyrir er innifalinn má örorkulífeyririnn úr bónusnum ekki vera hærri en ellilífeyririnn.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af viðeigandi gjaldskrárákvæðum.

Iðgjaldabónus á aftur hlutdeild í hagnaðinum.

(d) Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarhluta tryggingarpáttar þíns og árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – hagnaðarlífeyri. Í honum felst aukalegur iðgjaldsfrír ellilífeyrir og hækkun áður áunnins ellilífeyris.

Ef eftirlifendalífeyrispáttur eftir lífeyrisgreiðslubyrjun er innifalinn felur hagnaðarlífeyrir líka í sér eftirlifendalífeyri. Hlutfall hans við ellilífeyririnn er það sama og samsvarandi hlutfall við lífeyrisgreiðslubyrjun.

Árleg hækkun heildargreiðslu fer fyrst fram ári eftir að lífeyrisgreiðsla hefst, þá er fundin út hækkun heildargreiðslu fyrra árs í prósentum.

Á biðtímanum geturðu hvenær sem er tilkynnt okkur skriflega að þú viljir nýta hagnaðarhluta á lífeyrisgreiðslutímanum á annan hátt en ákveðið var við samningsgerð. Þú verður að leggja umsóknina fram í síðasta lagi 2 mánuðum fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

Breyting hagnaðarhlutdeildarprósentunnar getur ekki aðeins breytt framtíðarhækkunum heldur einnig greiðslum sem þegar eru til komnar vegna hagnaðarhlutdeildar. Þannig er hækkun og einnig lækkun hagnaðarlífeyris möguleg. Lækkun getur þó aðeins orðið niður að tryggðum lífeyri við lífeyrisgreiðslubyrjun. Við upplýsum þig við byrjun lífeyrisgreiðslu og við allar seinni breytingar um upphæð áður nefndrar iðgjaldslausrar aukagreiðslu og hækkunarhlutfallið.

(e) Auk árlegra hagnaðarhluta geta loka-hagnaðarhlutar bæst við

- við uppsögn, nýtingu höfuðstólsvalréttar eða fráfall fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun (samningslok) eða
- við byrjun elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslu.

Hæð lokahagnaðarhlutans er ákveðin með tilliti til hagnaðar hverju sinni, vaxtaþróunar á fjármagnsmarkaði og þróunar dánartíðni. Bætist lokahagnaðarhluti við þegar samningi lýkur er hann greiddur út í einu lagi. Með lokahagnaðarhluta frá byrjun elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslu fjármögnum við hækkun hagnaðarlífeyris (sjá bókstaf d) sem ekki er hægt að ábyrgjast. Lokahagnaðarhlutar eru ákveðnir hverju sinni fyrir bótamál hvers reikningsárs. Þegar tilkynnt er um þá fyrir komandi ár er einnig hægt að ákveða lokahagnaðarhluta fyrir liðin tryggingarár að nýju hverju sinni.

f) Auk hlutdeildar í hagnaði fær trygging þín við lok sparnaðarskeiðs hlutdeild í matsvirkisauka:

- við uppsögn, nýtingu höfuðstólsvalréttar eða fráfall fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun (samningslok) eða
- við byrjun elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslu.

Hlutdeild í matsvirkisauka er ákveðin með orsakarmiðaðri aðferð.

Matsvirkisauki sem fellur á einstakan samning er ákveðinn sem hluti af matsvirkisauka allra réttbærra samninga. Þessi hluti er háður heildarupphæð bótahöfuðstóla liðinna tryggingarára í hlutfalli við heildarupphæð samsvarandi bótahöfuðstóla allra réttbærra samninga.

Við lok sparnaðarskeiðsins úthlutum við tryggingu þinni helmingi upphæðarinnar sem reiknuð hefur verið út fyrir þann tíma samkvæmt § 153 VVG. Ef samningnum lýkur er matsvirkisaukahlutdeildin greidd út í einu lagi. Ef elli- eða eftirlifendalífeyrir er greiddur fjármögnum við við lífeyrisgreiðslubyrjun hækkun tryggðs lífeyris með matsvirkisaukahlutdeildinni. Um það gilda viðeigandi gjaldskrárákvæði.

Hæð matsvirkisaukans, sem trygging þín fær hlutdeild í, fer eftir fjármagnsmarkaðnum og er háð sveiflum. Til að jafna út þessar sveiflur getum við veitt grunnupphæð fyrir matsvirkisaukahlutdeildina við elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslubyrjun eða við nýtingu höfuðstólsvalréttar. Hæð þessarar grunnupphæðar er háð hagnaði okkar.

Ef grunnupphæðin sem ákveðin var fyrir þann tíma þegar úthlutun matsvirkisaukahlutdeildar fer fram er hærri en gildið samkvæmt § 153, tölulið 3 VVG, er grunnupphæðinni úthlutað, annars stendur úthlutun upphæðar samkvæmt lögum.

Grunnupphæðin og viðmiðunardagar fyrir útreikning matsvirkisauka eru ákveðin fyrir eitt almanaksár hverju sinni og birt í ársskýrslu okkar. Í ársskýrslunni og Tryggingafræðilegu ábendingunum færðu auk þess frekari upplýsingar um matsvirkisaukahlutdeildina.

g) Stöðugur lífeyrir fær hlutdeild í matsvirkisauka samkvæmt § 153, töluliðum 1 og 2, VVG, með hæfilega hækkaðri stöðugri hagnaðarhlutdeild eða hæfilegri lokahagnaðarhlutdeild. Þegar tilýnt er um þessar hagnaðarhlutdeildarþrósetur er sérstaklega tekið tillit til ástands matsvirkisauka hverju sinni.

---

### § 3 Hvað gildir ef hinn samtryggði deyr meðan á biðtíma stendur ef eftirlifendalífeyrisþáttur fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun er innifalinn?

---

(1) Deyi hinn samtryggði á biðtímanum á undan hinum tryggða og hafi verið samið um eftirlifendalífeyrisþátt fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun er ellilífeyrisþættinum breytt: Frá þeirri stundu er iðgjaldsendurgreiðsla við andlát hins tryggða (§ 1, töluliður 2 a) innifalinn. Ellilífeyririnn sem breytist við það er reiknaður út samkvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Um það gilda viðeigandi gjaldskrárákvæði.

(2) Ef þú vilt þetta ekki geturðu í stað þess sótt um eftirfarandi breytingar eftir fráfall hins samtryggða:

- að hafna iðgjaldsendurgreiðslu við fráfall hins tryggða
- að taka inn nýjan þátt, höfuðstól við andlát, í stað iðgjaldsendurgreiðslu við fráfall hins tryggða.

Umsóknina verður þú að leggja fram í síðasta lagi þremur mánuðum eftir fráfall hins samtryggða.

Við veitum þér upplýsingar um forsendur og áhrif ef óskað er.

---

### § 4 Hvenær geturðu tekið höfuðstól úr tryggingu þinni?

---

Þú getur tekið höfuðstól úr tryggingu þinni.

Fyrir úttekt höfuðstóls reiknum við vinnslugjald sem nemur 15 EUR.

Ef þú tekur höfuðstól úr tryggingu þinni þar sem þátturinn höfuðstóll við andlát er ekki innifalinn en þó annaðhvort iðgjaldsendurgreiðsla eða eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun tókum við viðbótarfrádrátt. Við upplýsum þig um hæð frádráttarins ef óskað er.

Forsendur fyrir úttekt eru að

- ekkert tryggingarskírteinislán sé áhvilandi
- úttektarupphæðin nemi minnst 1.000 EUR
- endurkaupsvirði tryggingarinnar eftir úttekt höfuðstóls og greiðslu vinnslugjalds nemi minnst 1.000 EUR.

Við úttektina breytist ekki greiðslutímabil og hæð iðgjalda sem greiða skal.

Við úttektina skerðast tryggðar bætur samkvæmt viðeigandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

---

### § 5 Hvenær geturðu valið höfuðstól í stað lífeyris?

---

(1) Lífi hinn tryggði umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun getur þú fengið tryggðan höfuðstól í stað tryggðs lífeyris. Umsókn um útborgun tryggðs höfuðstóls verðurðu að leggja fram í síðasta

lagi 3 mánuðum fyrir umsamda lífeyrisgreiðslu-  
byrjun.

En ef þú hefur hvorki samið um iðgjalds-  
endurgreiðslu við andlát fyrir lífeyrisgreiðslu-  
byrjun né eftirlifendalífeyri eða höfuðstól við  
andlát fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun verður þó að  
leggja umsóknina fram í síðasta lagi þremur  
árum fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun

(2) Þú getur líka krafist þess að fá aðeins hluta  
tryggðs höfuðstóls útborgaðan. Þá verður að  
gæta frestanna sem tilgreindir eru í tölulið 1.

Við greiðum þá frá umsaminni lífeyrisgreiðslu-  
byrjun tryggðan lífeyri samkvæmt § 1 sem er  
skertur um það prósentuhlutfall sem samsvarar  
útborguðum hluta tryggða höfuðstólsins. For-  
senda fyrir útborgun hluta tryggða höfuð-  
stólsins er að tryggði lífeyririnn, sem eftir  
verður, nemi minnst 200 EUR á ári.

(3) Með útborgun alls tryggða höfuðstólsins við  
umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun fellur ellilífeyris-  
þátturinn niður.

Ef eftirlifendalífeyrisþáttur eftir lífeyrisgreiðslu-  
byrjun er innifalinn fellur hann niður. Með  
útborgun hluta tryggðs höfuðstóls fellur  
eftirlifendalífeyrisþáttur eftir lífeyrisgreiðslu-  
byrjun niður í sama prósentuhlutfalli og  
tryggður höfuðstóll er greiddur út.

(4) Þú getur einnig krafist þess að fá höfuðstól  
útborgaðan þegar lífeyrisgreiðslan er þegar  
hafin, svo lengi sem höfuðstólsgreiðsla við  
fráfall eftir lífeyrisgreiðslubyrjun er tryggð. Í  
þessu tilfalli getur þú farið fram á greiðslu  
höfuðstóls á hvaða lífeyrisgreiðslugjaldaga  
sem er. Fyrir höfuðstólsúttektina tókum við  
vinnslugjald sem nemur 50 EUR.

Útborgaður höfuðstóll má þó á útborgunar-  
tímanum hvorki vera hærrí en höfuðstóls-  
greiðsla við fráfall né bótahöfuðstóll tryggingar  
þinnar reiknaður við útborgunartíma. Þá skal  
reiknað með áðurnefndu vinnslugjaldi.

Eftir höfuðstólsgreiðsluna helst tryggingin áfram  
svo framarlega sem tryggður ellilífeyrir nemur  
minnst 200 EUR á ári. Ef enginn bótahöfuðstóll  
er fyrir hendi eða tryggður lífeyrir er lægri en  
tilgreindar upphæðir fellur tryggingin niður.  
Bótahöfuðstóll – ef til er – er greiddur út.

Meðtryggður höfuðstóll fyrir fráfall eftir líf-  
eyrisgreiðslubyrjun er skertur sem nemur út-  
borguðum höfuðstól. Tryggður ellilífeyrir,  
tryggður eftirlifendalífeyrir og tryggður barna-  
lífeyrir skerðast samkvæmt viðeigandi gjald-  
skrárákvæðum. Við veitum þér upplýsingar um  
áhrifin ef óskað er.

(5) Við lífeyrisgreiðslubyrjun getur þú í stað  
tryggðs lífeyris einnig þá krafist höfuðstóls-  
greiðslu sem nemur hæð endurkaupsvirðisins  
(§ 18) ef þú hefur flýtt umsaminni lífeyris-

greiðslubyrjun samkvæmt § 6, tölulið 1. Frestir í  
tölulið 1 gilda í þessu tilfalli eftir því sem við á.

Forsendur fyrir því eru að í tryggingu þinni séu  
annar hvor þáttanna höfuðstólsgreiðsla við  
fráfall eða eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyris-  
greiðslubyrjun innifalinn eða þú hafir samið um  
iðgjaldsendurgreiðslu.

Með útborgun höfuðstóls á lífeyrisgreiðslutíma  
sem hefur verið flýtt falla allir þættir niður.

---

## § 6 Hvernig geturðu hagað lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma sveigjanlega?

---

### (1) Greiðslu flýtt

Þú getur flýtt umsaminni lífeyrisgreiðslubyrjun  
eða greiðslutíma um allt að 7 árum.

Forsendur þess eru:

- Hinn tryggði eða í félagatryggingum einn  
hinna tryggðu verður á greiðslutíma sem  
hefur verið flýtt að hafa náð 55 ára  
reikningsaldri.
- Við það að lífeyrisgreiðslubyrjun er flýtt  
verður heildarlífeyrir (að meðtalinni  
hagnaðarhlutdeild) ekki minni en lágmarks-  
upphæð sem nemur 200 EUR á ári.
- Umsóknina verður að leggja fram í síðasta  
lagi þrem mánuðum fyrir umbeðna lífeyris-  
greiðslubyrjun eða greiðslutíma.

Um lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma sem  
er flýtt gilda sömu samningsgerðarmöguleikar  
og um upphaflega umsamda lífeyrisgreiðslu-  
byrjun (einkum § 5).

Við það að lífeyrisgreiðslubyrjun er flýtt skerðist  
tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll sam-  
kvæmt grundvallarreglum tryggingafræðinnar.

Við upplýsum þig tímanlega um möguleika á að  
flýta lífeyrisgreiðslubyrjun.

Ef fleiri þættir eru innifaldir gildir:

- Inniföldu þættirnir eftirlifendalífeyrir fyrir  
lífeyrisgreiðslubyrjun, höfuðstóll við fráfall,  
höfuðstóll við lát af slysförum og örorkubætur  
falla niður þegar kemur að lífeyrisgreiðslu-  
byrjun sem var flýtt. Ef greiddur er örorku-  
lífeyrir á þessum tíma helst hann þó  
óskertur.

Um innifalinn eftirlifendalífeyrisþátt eftir lífeyris-  
greiðslubyrjun gildir að greiðslur lækka  
samkvæmt tryggingafræðilegum grundvallar-  
reglum. Hlutfall eftirlifendalífeyris eftir lífeyris-  
greiðslubyrjun og höfuðstólsgreiðslu við fráfall  
eftir lífeyrisgreiðslubyrjun við tryggðan ellilífeyri  
breytist ekki þótt greiðslum sé flýtt. Nýi

eftirlifendalífeyririnn má eftir lífeyrisgreiðslu-  
byrjun ekki vera minni en lágmarksupphæðin  
200 EUR.

## (2) Frestun greiðslu

a) Við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun áttu rétt  
á að lengja biðtímann, í mesta lagi til 85 ára  
aldurs. Lengingartímabilið, sem sagt tímann frá  
upphaflegri lífeyrisgreiðslubyrjun til frestaðrar  
lífeyrisgreiðslubyrjunar, nefnum við viðbótar-  
biðtíma.

Forsendur fyrir frestun eru:

- Hinn tryggði eða í félagatryggingum einn  
hinna tryggðu verður við upphaflega  
umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun eða á  
greiðslutíma að hafa náð 55 ára  
reikningsaldri.

Í iðgjaldsskyldum tryggingum er hægt að greiða  
iðgjöldin áfram á viðbótarbiðtímanum. Við  
frestun lífeyrisgreiðslubyrjunar eða greiðslutíma  
hækkar tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll.  
Tryggður höfuðstóll fyrir fráfall eftir lífeyris-  
greiðslubyrjun getur breyst. Við upplýsum þig  
um áhrifin ef óskað er.

b) Við fráfall hins tryggða eða í félagatryg-  
gingum eins hinna tryggðu á viðbótarbiðtím-  
anum gildir:

- Ef þú hefur ekki innfalið eftirlifendalífeyri eftir  
lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við við fráfall  
upphæð sem nemur endurkaupsvirðinu sem  
þú hefur fengið ef hinn tryggði eða í  
félagatryggingum allir hinir tryggðu hefðu  
lifað lok yfirstandandi tryggingartímabils (§  
11, töluliður 1) og þú hefur sagt tryggingunni  
upp á þeim tíma (§ 18).
- Ef þú hefur innfalið eftirlifendalífeyri eftir  
lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við eftirlifenda-  
lífeyri ef og svo lengi sem hinn samtryggði  
við fráfall hins tryggða lifir. Hæð eftirlifenda-  
lífeyris reiknum við út samkvæmt viðeigandi  
gjaldskráreglum úr upphæð sem nemur  
endurkaupsvirðinu sem þú hefur fengið ef  
hinn tryggði hefði lifað lok yfirstandandi tryg-  
gingartímabils (§ 11, töluliður 1) og þú hefur  
sagt tryggingunni upp á þeim tíma (§ 18).  
Hæð eftirlifendalífeyris er auk þess háð aldri  
hins samtryggða á þeim tíma.  
Eftirlifendalífeyrir fær hlutdeild í hagnaði.

Ef þú segir tryggingu þinni upp á viðbótar-  
biðtímanum greiðum við endurkaupsvirðið  
reiknað samkvæmt § 18.

c) Ef aðrir þættir eru innifaldir gildir:

- Höfuðstóll við fráfall eftir byrjun eftirlifenda-  
lífeyrisgreiðslu sem samið er um fyrir  
frestaða lífeyrisgreiðslubyrjun breytist.
- Þættinum höfuðstól við fráfall, örorkulífeyris-  
þætti eða slysviðbótartryggingu er ekki  
frestað.

- Greiðslur annarra innifalinnna þátta hækka í  
sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

Um greiðslubreytingar gilda viðeigandi  
gjaldskrárákvæði. Við tilkynnum þér um  
breytingarnar ef óskað er.

d) Um lífeyrisgreiðslubyrjun eða greiðslutíma  
sem er frestað gilda sömu samningsgerðar-  
möguleikar og um upphaflega umsamda líf-  
eyrisgreiðslubyrjun (einkum §§ 4 og 5).

e) Eftir frestun lífeyrisgreiðslubyrjunar eða  
greiðslutíma geturðu aftur flýtt lífeyrisgreiðslu-  
byrjun eða greiðslutíma. Töluliður 1 gildir eftir  
því sem við á. Þú þarft þó ekki að gæta þriggja  
mánaða frestsins sem þar er tilgreindur.

f) Á viðbótarbiðtímanum færðu hagnaðarhlut-  
deild sem miðast við fjármagnsmarkaðinn.

---

## § 7 Hvenær geturðu á biðtímanum bætt við eftirlifendalífeyrisþáttum án áhættukönnunar?

---

(1) Ef hvorugur eftirlifendaframfærsluþátt-  
anna höfuðstóll við andlát eða eftirlifendalíf-  
eyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun er innifalinn í  
tryggingu þinni getur þú krafist þess á biðtím-  
anum að annar þessara þátta verði innifalinn  
án áhættukönnunar.

Forsendur þess eru:

- Hinn tryggði er ekki kominn yfir 40 ára  
reikningsaldur.
- Hinn tryggði er ekki óvinnufær.
- Ekki er um að ræða tryggingu innan ramma  
ellilífeyris fyrirtækis eða hóptrýggingar félags.
- Við höfum áður samþykkt allar umsóknir um  
líftryggingu hins tryggða með venjulegum  
skilyrðum.
- Einn eftirfarandi atburða hefur gerst innan  
síðustu 6 mánaða áður en umbeðinn þáttur  
er innifalinn og okkur eru færðar sönnur á  
það:
- Fæðing barns hins tryggða eða hinn tryggði  
ættleiðir ófullvæðja einstakling.
- Hinn tryggði byrjar sjálfstæðan atvinnurekst-  
ur, svo framarlega sem það krefst aðildar að  
fagfélagi eða ráði.
- Hinn tryggði lýkur starfsmenntun eða byrjar í  
atvinnulífínu.
- Hinn tryggði tekur lán til að fjármagna fast-  
eign til eigin nota að andvirði minnst 100.000  
EUR.

Í félagatryggingum nægir að ofangreindar for-  
sendur séu fyrir hendi hjá einum hinna tryggðu.  
Ekki er hægt að bæta við eftirlifendalífeyri.

Um viðbætur eftir á gilda eftirfarandi takmörk:

- fyrir þáttinn höfuðstóll við fráfall  
- minnst 100% tryggðs höfuðstóls til  
elliframfærslu.

- mest 50.000 EUR tryggður höfuðstóll við fráfall.
- fyrir þáttinn eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun
  - minnst 20% tryggðs ellilífeyris.
  - mest 6.000 EUR tryggður lífeyrir á ári til eftirlifendaframfærslu.

Viðbót þáttanna höfuðstóll við andlát og eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun fer eftir viðeigandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er. Sérstaklega fellur burt áður umsamin iðgjaldsendurgreiðsla við andlát.

(2) Ásamt eftirlifendalífeyri fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun samkvæmt tölulíð 1 geturðu líka innifalið eftirlifendalífeyri eftir lífeyrisgreiðslubyrjun. Þú átt líka kost á að bæta við eftirlifendalífeyri eftir lífeyrisgreiðslubyrjun eftir á eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun hefur þegar verið tryggður.

Eftirlifendalífeyrir eftir lífeyrisgreiðslubyrjun má hvorki vera hærri en eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun né tryggður ellilífeyrir.

Viðbót þáttarins eftirlifendalífeyrir eftir lífeyrisgreiðslubyrjun fer eftir viðeigandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum þér upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

#### **§ 8 Hvernig geturðu breytt greiðslum við fráfall eftir lífeyrisgreiðslubyrjun?**

(1) Við lífeyrisgreiðslubyrjun geturðu sótt um að umsamin höfuðstólsgreiðsla við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun verði hækkuð eða lækkuð án nýrrar áhættukönnunar. Um umfang mögulegra breytinga gilda takmörk sem fara m.a. eftir umsömdum aldri við lífeyrisgreiðslubyrjun og meðallíflíkum. Við veitum upplýsingar um hvaða kosti þú átt ef óskað er.

(2) Við tryggingar þar sem þátturinn eftirlifendalífeyrir eftir lífeyrisgreiðslubyrjun er ekki innifalinn geturðu krafist þess að slíkur þáttur verði innifalinn við lok biðtímans. Eftirlifendalífeyririnn má ekki vera hærri en tryggður ellilífeyrir við lífeyrisgreiðslubyrjun. Við gerum ekki áhættukönnun. Um þetta gilda viðeigandi gjaldskrárákvæði. Við veitum upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

(3) Við lífeyrisgreiðslubyrjun geturðu hafnað umsaminni höfuðstólsgreiðslu við fráfall eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og inniföldum eftirlifendalífeyrisþætti eftir lífeyrisgreiðslubyrjun og farið þess í stað fram á greiðslu áunnins tryggðs höfuðstóls við lífeyrisgreiðslubyrjun að fráregnum heildarellilífeyrisgreiðslum, sem þegar hafa verið greiddar (að meðtöldum greiðslum úr hagnaðarhlutdeild).

(4) Fyrir breytta höfuðstólsgreiðslu við andlát samkvæmt tölulíð 1 kann að verða nauðsynlegt að greiða einstaka viðbótargreiðslu. Upphæðin fer eftir viðeigandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum upplýsingar um áhrifin ef óskað er. Ef höfuðstólsgreiðsla við andlát er lækkuð eða þú vilt ekki greiða nauðsynlega einstaka greiðslu breytist tryggður lífeyrir og innifalinn eftirlifendalífeyrir einnig samkvæmt viðeigandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

Fyrir umsókn um breytingu samkvæmt tölulíðum 1 til 3 verður þú að virða sömu fresti og tilgreindir eru í § 5, tölulíð 1.

#### **§ 9 Hvenær geturðu innifalið tryggingarvernd fyrir umönnunartilfelli?**

Þú getur sótt um að við lífeyrisgreiðslubyrjun verði tryggingarvernd fyrir umönnunartilfelli innifalinn í tryggingu þína. Við gerum ekki áhættukönnun.

Umsóknina um að hún verði innifalinn verðurðu að leggja fram í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

Við upplýsum þig um forsendur og áhrif ef óskað er.

#### **§ 10 Hvenær hefst tryggingarverndin?**

Tryggingarverndin hefst með lokum samningsgerðar en þó ekki fyrir það upphaf tryggingar sem tilgreint er í tryggingarskírteininu. Tryggingarverndin hefst þá aðeins á tilgreindum tíma ef þú hefur greitt fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi § 11.

#### **§ 11 Hvað þarftu að hafa í huga við iðgjaldgreiðslu?**

(1) Iðgjöldin af tryggingu þinni skal eftir samkomulagi greiða í einu lagi eða með iðgjöldum jafnóðum fyrir hvert tryggingartímabil. Eftir því hvernig greiðslutímabil er umsamið og tilgreint í tryggingarskírteini er tryggingartímabil einn mánuður, ársfjórðungur, hálf ár eða eitt ár.

(2) Fyrsta eða einstakt iðgjald skal greiða tafarlaust eftir gerð tryggingarsamningsins. Ef samið er um að tryggingarvernd skuli byrja seinna gjaldfellur fyrsta eða einstakt iðgjald fyrst á þeim tíma. Ef ekki er samið um annað gjaldfalla framhaldsiðgjöld fyrsta dag hvers mánaðar umsamins tryggingartímabils. Ef samið er um mánaðarlegar iðgjaldgreiðslur fer greiðsla iðgjalda fram með skuldfærslu.

(3) Iðgjald er greitt á réttum tíma ef þú gerir tafarlaust allt á gjalddaga til þess að iðgjaldið berist okkur.



Ef þú hefur veitt umboð til innheimtu af reikningi (skuldfærsla) telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og þú mótmælir ekki réttmætri innheimtu. Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald, án þess að þú eigir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist þig um greiðslu í textaformi.

Ef við getum ekki innheimt gjaldfallið iðgjald og berir þú ábyrgð á því getum við framvegis krafist þess að greiðslur fari aðeins fram utan skuldfærslukerfisins. Hafi verið samið um mánaðarlega iðgjaldagreiðslu breytum við henni í þessu tilviki í ársfjórðungslega greiðslu.

(4) Sending iðgjalda þinna fer fram á þína ábyrgð og á þinn kostnað.

---

#### § 12 Hvað gildir ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma?

---

(1) Byrjun tryggingarverndar er háð því að iðgjald sé greitt á réttum tíma. Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma hefst tryggingarverndin fyrst frá þeim tíma sem þú greiðir iðgjaldið. Okkur er ekki skylt að greiða fyrir bótamál sem koma upp í millitíðinni. Greiðsluskylda okkar helst ef þú sannar að það var ekki þín sök að greiðsla var ekki innt af hendi.

Við getum aðeins nýtt rétt okkar til að greiða ekki ef við höfum bent þér á þessi réttaráhrif þess að greiða ekki iðgjaldið með sérstakri tilkynningu í textaformi eða áberandi ábendingu í tryggingarskrteininu.

(2) Ef þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald ekki á réttum tíma getum við rift samningnum svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Riftunarrétturinn er útilokaður ef þú sannar að það var ekki þín sök að greiðsla var ekki innt af hendi.

---

#### § 13 Hvað gildir ef þú greiðir ekki framhaldsiðgjald á réttum tíma?

---

(1) Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma ertu í vanskilum án þess að þú fáið aðra greiðsluáskorun. Þú ert ekki í vanskilum ef ekki verður af greiðslu vegna aðstæðna sem eru ekki þín sök. Í vanskilatilfelli höfum við rétt til þess að krefjast bóta fyrir tjónið sem við verðum fyrir vegna vanskilanna.

(2) Ef þú greiðir framhaldsiðgjald ekki á réttum tíma getum við sett þér gjaldfrest í textaformi á þinn kostnað. Greiðslufresturinn verður að vera minnst tvær vikur.

(3) Fyrir bótamál sem koma upp eftir settan gjaldfrest fellur tryggingarverndin niður eða

skerðist ef þú ert enn í vanskilum með greiðsluna þegar bótamálið kemur upp. Forsenda er að við höfum bent þér á þessi réttaráhrif þegar um leið og fresturinn var settur.

(4) Þegar settur gjaldfrestur er liðinn getum við sagt samningnum upp án þess að gæta uppsagnarfrests ef þú ert enn í vanskilum með iðgjöld, vexti eða kostnað. Forsenda er að við höfum bent þér á þessi réttaráhrif þegar um leið og fresturinn var settur. Við getum lýst yfir uppsögn þegar um leið og fresturinn er settur. Hún tekur þá sjálfkrafa gildi um leið og fresturinn rennur út ef þú ert á þeim tíma enn í vanskilum með greiðsluna. Við bendum þér einnig á þessi réttaráhrif.

(5) Þú getur einnig greitt upphæðina sem er til innheimtu eftir á þegar uppsögn okkar hefur tekið gildi. Greiðsla eftir á getur aðeins farið fram innan eins mánaðar eftir uppsögn eða, ef uppsögnin var þegar tengd frestinum, innan eins mánaðar eftir að fresturinn rann út. Ef þú greiðir innan þessa tímabils fellur uppsögnin úr gildi og samningurinn gildir áfram. Fyrir bótamál sem koma upp milli þess að gjaldfresturinn er liðinn og greiðsla er innt af hendi fellur tryggingarverndin niður eða skerðist.

---

#### § 14 Hvað gildir um iðgjaldagreiðslu í atvinnuleysi eða skertu starfi, foreldraorlofi eða framhaldsstarfsnámi?

---

(1) Hafi samningurinn þegar staðið í 3 ár geturðu farið fram á greiðslufrestun framhaldsiðgjaldanna ef þú verður atvinnulaus eða starfshlutfall er skert. Við frestum iðgjaldagreiðslunum vaxtalaust svo lengi sem þú ert atvinnulaus en þó ekki lengur en eitt ár. Ef starfshlutfall þitt er skert frestum við iðgjaldagreiðslunum meðan þú ert í skertu starfi en þó ekki lengur en tvö ár. Meðan á gjaldfrestinum stendur helst tryggingarverndin að fullu.

Verðir þú atvinnulaus eða í skertu starfi oftar en einu sinni er hægt að fresta iðgjaldagreiðslunum að nýju í hvert sinn. Samtals frestum við iðgjaldagreiðslum vegna atvinnuleysis í hæsta lagi í 24 mánuði á öllum samningstímanum. Vegna skerts starfshlutfalls er í hæsta lagi hægt að fresta iðgjaldagreiðslum tvisvar sinnum á öllum samningstímanum.

(2) Til sönnunar atvinnuleysis eða skerts starfshlutfalls þurfum við vottorð frá svæðismiðlun. Fáir þú aftur atvinnu eða fullt starfshlutfall verður þú að tilkynna okkur það tafarlaust.

(3) Iðgjöldin, sem frestað var, verður þú að greiða að gjaldfrestinum liðnum í einni upphæð.

(4) Meðan á foreldraorlofi stendur getur þú lækkað iðgjöld þín (iðgjaldshlutagreiðsla) tímabundið að hámarki í 3 ár ef iðgjöld vegna samningsins hafa þegar verið greidd í minnst eitt ár. Iðgjaldshlutagreiðslu er í mesta lagi hægt að nýta tvisvar á öllum samningstímanum. Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

(5) Meðan á framhaldsstarfsnámi stendur, t.d. við mastersnám, getur þú lækkað iðgjöld þín meðan á framhaldsnáminu stendur tímabundið að hámarki í 3 ár (iðgjaldshlutagreiðsla), ef iðgjöld vegna samningsins hafa þegar verið greidd í minnst eitt ár. Iðgjaldshlutagreiðslu er í mesta lagi hægt að nýta einu sinni á öllum samningstímanum. Ef óskað er veitum við upplýsingar um aðrar forsendur og áhrif.

#### § 15 Hvenær geturðu greitt viðbótar-greiðslur?

(1) Á biðtímanum geturðu greitt viðbótar-greiðslur hvenær sem er svo lengi sem tryggingin er ekki á viðbótarbiðtíma. Áhættukönnun er ekki nauðsynleg.

(2) Forsendur fyrir viðbótagreiðslu eru:

- Hver einstök viðbótagreiðsla nemur minnst 1.000 EUR.
- Heildarupphæð viðbótagreiðslna á einu tryggingarári nemur í hæsta lagi 20.000 EUR.

Hafir þú innifalið þáttinn höfuðstól við fráfall gildir auk þess eftirfarandi skilyrði:

- Heildarupphæð viðbótagreiðslna á einu tryggingarári er ekki hærrí en heildarupphæð umsaminna iðgjalda á einu tryggingarári.
- Höfuðstóll við fráfall og höfuðstóllinn úr öllum líftryggingarsamningum hins sama tryggðaða hjá Allianz-líftryggingarfélaginu hf, sem myndar grundvöll vaxta af höfuðstóli við fráfall, fara ekki að viðbætti viðbótagreiðslu yfir 250.000 EUR.

(3) Við viðbótagreiðslu hækkar ellilífeyririnn. Greiðsla úr inniföldum þætti höfuðstóls við fráfall hækkar um sömu upphæð og tryggður höfuðstóll við lífun. Umsamin iðgjaldsendur-greiðsla hækkar um viðbótagreiðsluupphæðina.

Greiðslur innifalins eftirlífendalífeyris fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun hækka í sama hlutfalli og ellilífeyririnn en þó árlega í mesta lagi um 3 % viðbótagreiðslunnar.

Greiðslur innifalins eftirlífendalífeyris eftir lífeyrisgreiðslubyrjun hækka í sama hlutfalli og ellilífeyririnn. Greiðslur úr öðrum inniföldum þáttum hækka ekki við viðbótagreiðslu. Hið breytta hlutfall greiðslna úr inniföldum þáttum

gagnvart ellilífeyri ákvarðar greiðslur úr bónusnum (§ 2).

(4) Hækkum greiðslna reiknast samkvæmt samningsgildum sem náðst hafa á hækkunardegi, einkum reikningsaldri hins tryggðaða, biðtímanum sem eftir er, mögulega umsömdu iðgjaldsálagi og viðeigandi gjaldskrárákvæðum okkar á hækkunardegi.

(5) Hækkunardagur fyrir greiðslur er fyrsti dagur sama mánaðar og viðbótagreiðslan berst okkur. Hafir þú innifalið þáttinn höfuðstól við fráfall er hækkunardagurinn fyrsti dagur næsta mánaðar.

#### § 16 Hvernig geturðu breytt iðgjaldagreiðslu- og/eða biðtíma?

##### (1) Stytting iðgjaldagreiðslutíma og/eða biðtíma

Ef iðgjöld eru greidd jafnóðum af tryggingu geturðu stytt iðgjaldagreiðslutímamann og/eða biðtímamann um heil ár. Hafir þú innifalið þáttinn höfuðstól við andlát með lægri tryggðum höfuðstól en tryggðum höfuðstól til ellilífeyris getur þú aðeins stytt iðgjaldagreiðslu- og biðtíma sameiginlega og í sama mæli. Við styttingu hefurðu eftirtalda möguleika:

- Eigi tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll að haldast óbreyttir hækka iðgjöld sem greidd eru jafnóðum.
- Eigi iðgjald að haldast óbreytt lækkar tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll. Í þessu tilviki lækka greiðslur úr öðrum inniföldum þáttum í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.
- Eigi bæði iðgjald, tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll að haldast óbreytt verður þú að inna af hendi viðbótagreiðslu. Þennan möguleika hefur þú þó ekki ef þú hefur innifalið þáttinn höfuðstól við andlát með lægri tryggðum höfuðstól en tryggðum höfuðstól til ellilífeyris.

Nýja iðgjaldið, nýi tryggði lífeyririnn og nýi tryggði höfuðstóllinn eða viðbótagreiðslan eru reiknuð út eftir grundvallarreglum tryggingafræðinnar. Biðtíminn sem eftir er má ekki fara niður fyrir 5 ár. Í undantekningartilvikum, t.d. þegar um er að ræða ellilífeyri fyrirtækis og jafnræðisreglan kemur í veg fyrir að þessi frestur sé settur er einnig mögulegt að eftir verði styttri biðtími.

##### (2) Lenging iðgjaldagreiðslutímans

Ef iðgjaldagreiðslutími tryggingar þinnar er styttri en biðtíminn og þú greiðir iðgjöld jafnóðum geturðu farið fram á lengingu iðgjaldagreiðslutímans.

Lengingin er möguleg einu sinni og þegar eftir upphafleg lok iðgjaldagreiðslu um allt að 5 árum en þó ekki lengur en til umsaminna loka biðtímans.

Forsendur fyrir því eru:

- Áhættuástand hins tryggða þegar samningnum er breytt verður að leyfa gerð samnings um nýja sambærilega tryggingu eftir samþykktarreglum okkar án örðugri skilyrða.
- Hinn tryggði má ekki hafa náð 50 ára reikningsaldri við upphaflega umsamin lok iðgjaldagreiðslutímans.

Við lenginguna hækka tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll frá upphaflegum lokum iðgjaldagreiðslutímans. Greiðslur úr öðrum inniföldum þáttum hækka í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

Nýi tryggði lífeyririnn, nýi tryggði höfuðstóllinn og greiðslur úr öðrum þáttum fara eftir viðeigandi gjaldskrárákvæðum. Við veitum upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

#### § 17 Hvenær geturðu gert trygginguna iðgjaldsfría?

Þú getur krafist þess skriflega við lok tryggingartímabils að fá lausn undan iðgjaldsgreiðsluskyldu. Þú getur fengið iðgjaldslaun í allt að 3 ár samkvæmt § 19. Við upplýsum þig tímanlega fyrir lok tímabilsins sem þú óskar eftir um endurupptöku iðgjaldsgreiðslu og um möguleika á að greiða iðgjöldin sem á vantar.

#### (1) Breyting tryggingar þinnar við það að hún er gerð iðgjaldsfrí

a) Ef þú ferð fram á að trygging sé gerð iðgjaldsfrí lækjum við tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstól til ellilífeyris eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar á grundvelli endurkaupsvirðisins samkvæmt § 18, tölulíð 1 a. Upphæðin úr tryggingu þinni sem er til ráðstöfunar til að mynda iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól er þá skert um frádrátt samkvæmt § 165, tölulíð 2, í tengslum við § 169, tölulíð 5 VVG vegna aukins stjórnsýslukostnaðar sem nemur 50 EUR.

Frádrátturinn fellur niður á síðasta ári biðtímans. Ef hinn tryggði eða í félagatryggingum einn hinna tryggðu hefur náð minnst 55 ára reikningsaldri fellur frádrátturinn niður innan síðustu 7 ára biðtímans.

Ef þú sannar okkur að ætlaðar forsendur, sem frádrátturinn byggist á, eigi ekki við í þínu tilfelli eða frádrátturinn eigi að vera lægri fellur frádrátturinn brott eða lækkar eftir því sem við á.

Reikningur iðgjaldsfrírar greiðslu fer fram við lok tryggingartímabilsins sem þú greiddir síðast fullt iðgjald fyrir.

b) Þú getur þó aðeins haldið tryggingu þinni áfram iðgjaldsfríri ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir nær árlegri lágmarksupphæð sem nemur 200 EUR. Annars fellur tryggingin niður og endurkaupsvirðið (§ 18), ef eitthvað er fyrir hendi, er greitt út.

#### (2) Ókostir við að gera tryggingu iðgjaldsfría

Að hafa tryggingu þína iðgjaldsfría hefur ókosti. Á biðtímanum eru ekki endilega fjármunir sem nema innborguðum iðgjöldum fyrir hendi til að mynda iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól þar sem fjármagna þarf samningsgerðar- og sölukostnað og stjórnsýslukostnað og hugsanlega áhættusjóð. Nánari upplýsingar um iðgjaldsfrían tryggðan lífeyri og iðgjaldsfrían tryggðan höfuðstól færðu í tryggingarupplýsingum þínum.

#### § 18 Hvenær geturðu sagt tryggingunni upp?

Þú getur sagt tryggingu þinni upp skriflega fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun á eftirfarandi tímum:

- iðgjaldsskyldum tryggingum í lok tryggingartímabils
- iðgjaldsfríum tryggingum í lok yfirstandandi mánaðar.

#### (1) Áhrif uppsagnar á samning þinn

a) Segir þú upp tryggingu þinni og þátturinn höfuðstóll við andlát er innifalinn greiðum við endurkaupsvirðið – ef til er. Það er bótahöfuðstóll ellilífeyrisþáttarins reiknaður út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræðinnar á reikningsgrundvelli iðgjaldautreikningsins á uppsagnardegi. Bótahöfuðstóllinn hefur þó í tryggingum með iðgjaldsgreiðslum jafnóðum að minnsta kosti það verðgildi sem kemur fram við jafna dreifingu samningsgerðar- og sölukostnaðar, sem ákveðinn er með tilliti til eftirlitsréttarlegra hámarks-Zillmerstiga, á fyrstu fimm tryggingarárin, í mesta lagi þó á iðgjaldagreiðslutímann.

b) Frá upphæðinni sem reiknuð er út samkvæmt tölulíð 1 a drögum við frádrátt samkvæmt § 169, tölulíð 5 VVG.

Hvaða frádráttur gildir fyrir tryggingu þína á hverju ári biðtímans geturðu séð í tryggingarupplýsingunum. Þar tilgreinum við einnig ástæður frádráttarins.

Frádrátturinn fellur niður á síðasta ári biðtímans. Ef hinn tryggði eða í félagatryggingum

einn hinna tryggðu hafa náð minnst 55 ára reikningsaldri fellur frádrátturinn niður innan síðustu 7 ára biðtímans.

Ef þú sannar okkur að ætlaðar forsendur, sem frádrátturinn byggist á, eigi ekki við í þínu tilfalli eða frádrátturinn eigi að vera lægri fellur frádrátturinn brott eða lækkar eftir því sem við á.

c) Við höfum rétt til þess að lækka upphæðina sem reiknuð er út samkvæmt tölulíð 1 a hæfilega ef það er nauðsynlegt til að útiloka að hagsmunum tryggingartaka sé stofnað í hættu, einkum vegna þess að því sé stofnað í hættu að hægt sé til frambúðar að uppfylla skyldur samkvæmt samningum. Lækkunin tekur til eins árs hverju sinni (§ 169, tölulíður 6 VVG).

d) Til viðbótar getur komið endurkaupsvirði úr lokahagnaðarluta (sjá § 2 tölulíð 2 e). Upphæðin er reiknuð út samkvæmt aðferðinni sem tilgreind er í Tryggingafræðilegum ábendingum.

e) Útborgunarupphæðin hækkar hugsanlega um matsvirkisauka sem úthlutaður er tryggingu þinni samkvæmt § 2, tölulíð 2 f.

## **(2) Sérstök atriði í samningum með eftirlifendafarmfærslu (án höfuðstóls við fráfall) á biðtímanum**

Segir þú upp tryggingu þinni og þátturinn höfuðstóll við fráfall er ekki innfalinn en þó annaðhvort iðgjaldsendurgreiðsla eða eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun gildir:

a) Hafir þú samið um iðgjaldsendurgreiðslu reiknum við út endurkaupsvirðið samkvæmt tölulíðum 1 a til 1 d. Ef útreiknað endurkaupsvirði er ekki hærra en iðgjaldsendurgreiðsla við fráfall greiðum við það út að fullu. Ef endurkaupsvirðið er hærra en iðgjaldsendurgreiðsla við fráfall skerðum við það um frekari frádrátt:

Af þeim hluta útreiknaðs endurkaupsvirðis sem er hærri en iðgjaldsendurgreiðsla við fráfall eru dregin 6 %, að viðbættum 1,5 % fyrir hvert ár sem eftir er af biðtímanum frá uppsögn en þó í hæsta lagi 30 %.

Við tökum þennan frádrátt sem fasta upphæð til að jafna út möguleg neikvæð áhættuáhrif í tryggingarhópnum sem eftir er. Frekari ábendingar um frádráttarástæður sérðu í tryggingarupplýsingum þínum.

Ef þú sannar okkur að ætlaðar forsendur, sem frádrátturinn byggist á, eigi ekki við í þínu tilfalli eða frádrátturinn eigi að vera lægri fellur frádrátturinn brott eða lækkar eftir því sem við á.

Útborgunarupphæðin hækkar hugsanlega um matsvirkisauka sem úthlutaður er tryggingu þinni samkvæmt § 2, tölulíð 2 f.

Með útborgun endurkaupsvirðisins fellur tryggingin niður.

b) Hafir þú samið um eftirlifendalífeyri fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun reiknum við út endurkaupsvirðið samkvæmt tölulíðum 1 a til 1 d. Ef útreiknað endurkaupsvirði er ekki hærra en 20-föld ársupphæð eftirlifendalífeyrisins greiðum við það út að fullu. Ef endurkaupsvirðið er hærra en 20-föld ársupphæð eftirlifendalífeyrisins skerðum við það um frekari frádrátt:

Af þeim hluta útreiknaðs endurkaupsvirðis sem er hærri en 20-föld ársupphæð eftirlifendalífeyrisins eru dregin 6 %, að viðbættum 1,5 % fyrir hvert ár sem eftir er af biðtímanum frá uppsögn en þó í hæsta lagi 30 %.

Við tökum þennan frádrátt sem fasta upphæð til að jafna út möguleg neikvæð áhættuáhrif í tryggingarhópnum sem eftir er. Frekari ábendingar um frádráttarástæður sérðu í tryggingarupplýsingum þínum.

Ef þú sannar okkur að ætlaðar forsendur, sem frádrátturinn byggist á, eigi ekki við í þínu tilfalli eða frádrátturinn eigi að vera lægri fellur frádrátturinn brott eða lækkar eftir því sem við á.

Útborgunarupphæðin hækkar hugsanlega um matsvirkisauka sem úthlutaður er tryggingu þinni samkvæmt § 2, tölulíð 2 f.

Með útborgun endurkaupsvirðisins fellur tryggingin niður.

## **(3) Sérstök atriði í samningum án eftirlifendafarmfærslu á biðtímanum**

Segir þú tryggingu þinni upp og þátturinn höfuðstóll við andlát er ekki innfalinn, ekki iðgjaldsendurgreiðsla og ekki eftirlifendalífeyrir fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun gildir:

Við gerum tryggingu þína iðgjaldsfría samkvæmt § 17, tölulíð 1, hafir þú greitt iðgjöld jafnóðum til uppsagnardags. Ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir er lægri en 200 EUR á ári greiðum við þess í stað endurkaupsvirðið sem reiknað er samkvæmt tölulíð 1. Tryggingu, sem þegar er orðin iðgjaldsfrí, geturðu ekki sagt upp.

## **(4) Ókostir uppsagnar**

Uppsögn tryggingar þinnar hefur ókosti. Á biðtímanum nær endurkaupsvirðið ekki endilega heildarupphæð innborgaðra iðgjalda þar sem fjármagna þarf samningsgerðar- og sölukostnað og stjórnsýslukostnað og hugsan-

lega áhættusjóð. Nánari upplýsingar um endurkaupsvirði færðu í tryggingarupplýsing-um þínum.

### **§ 19 Hve lengi geturðu komið upprunalegri tryggingarvernd aftur á eftir að þú hefur haft trygginguna iðgjaldsfría?**

(1) Innan 6 mánaða frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí geturðu farið fram á það að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslna verði tryggðar greiðslur hækkaðir án áhættukönnunar upp í þá tryggingarvernd sem gilti áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef fleiri þættir eru innifaldir er skilyrði við endurupptöku iðgjaldsgreiðslna

- ef örorkubótaþáttur er innifalinn að hinn tryggði sé ekki óvinnufær
- ef barnaframfærsluþáttur er innifalinn að hinn tryggði sé ekki umönnunarþurfi og að hinn tryggði forsjáradili sé hvorki látinn né óvinnufær.

(2) Einnig eftir að 6 mánuðir eru liðnir en þó aðeins innan þriggja ára frá því að tryggingin varð iðgjaldsfrí geturðu farið fram á það að með endurupptöku iðgjaldsgreiðslna verði tryggður lífeyrir og tryggður höfuðstóll hækkaðir upp í þá tryggingarvernd sem gilti áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef tryggingin varð iðgjaldsfrí vegna fæðingarorlofs getur fresturinn, milli þess sem tryggingin varð iðgjaldsfrí og endurheimtar upphaflega gildandi tryggingarverndar, líka verið lengri en 3 ár; endurheimtin verður þó að eiga sér stað í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá lokum fæðingarorlofs.

Forsenda fyrir endurheimt tryggingarverndar sem gilti áður en tryggingin varð iðgjaldsfrí er að áhættuástand hins tryggða þegar samningnum er breytt mundi leyfa gerð samnings um nýja sambærilega tryggingu eftir samþykktarreglum okkar án örðugri skilyrða.

(3) Iðgjöldin fyrir iðgjaldsfría tímunn geturðu greitt eftir á. Í stað þess er einnig hægt að lækka tryggðan lífeyri og tryggðan höfuðstól eða þú getur greitt hærri iðgjöld jafnóðum.

Hærri iðgjöld jafnóðum eða lægri tryggður lífeyrir og lægri tryggður höfuðstóll ákvarðast af viðeigandi gjaldskrárákvæðum við samningsgerð tryggingar þinnar. Við veitum upplýsingar um áhrifin ef óskað er.

### **§ 20 Hvað felst í tilkynningaskyldu fyrir samningsgerð í skilningi laganna?**

(1) Áður en þú gefur samningsyfirlýsingu þína er þér skylt að segja til um allar aðstæður, sem

hafa áhrif á áhættu sem þér eru kunnar og við höfum spurt um í textaformi, sannleikanum samkvæmt og undandráttaarlaust. Aðstæður sem hafa áhrif á áhættu eru aðstæður sem skipta máli fyrir ákvörðun okkar um að gera samning með umsömdu efni.

Ef við spyrjum í textaformi eftir samningsyfirlýsingu þína en fyrir samþykkt samnings um aðstæður sem hafa áhrif á áhættu er þér að því leyti einnig skylt að segja til um þær.

(2) Eigi að tryggja líf annars einstaklings er hann líka – auk þín – ábyrgur fyrir sönnnum og undandráttaarausum svörum við spurningum í textaformi.

(3) Ef umboðsmaður svarar fyrir þig og ef honum er kunnugt um þessar aðstæður sem hafa áhrif á áhættu eða kemur sviksamlega fram verður komið fram við þig eins og þér hefði sjálfum/sjálfri verið kunnugt um þær eða þagað sviksamlega yfir aðstæðunum.

(4) Afleiðingar brots gegn tilkynningaskyldu koma fram í §§ 19 til 22 VVG. Á þeim forsendum sem þar eru tilgreindar getum við rift samningnum, verið greiðslufrí, sagt samningnum upp, véfengt hann vegna sviksamlegrar blekkingar eða líka haft rétt til þess að aðlaga samninginn.

Réttindi okkar til riftunar, uppsagnar eða samningsaðlögunar gilda aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brota gegn tilkynningaskyldu með sérstakri tilkynningu í textaformi. Tilgreind réttindi getum við aðeins nýtt innan 5 ára frá samningsgerð. Það gildir ekki um bóta-mál sem koma upp fyrir lok þessa frests. Ef þú eða hinn tryggði hafa brotið gegn tilkynningaskyldunni af ásettu ráði eða sviksamlega er fresturinn tíu ár.

(5) Ef við hækkuðum iðgjaldið um meira en 10 % við samningsaðlögun eða útlökum váttryggingu fyrir aðstæður sem ekki voru tilkynntar getur þú sagt samningnum upp samkvæmt § 19, tölulið 6, VVG.

(6) Töluliðir 1 til 5 gilda eftir því sem við á við breytingu sem vikkar greiðsluskyldu okkar eða við endurheimt tryggingarinnar. Við breytingu eða endurheimt tryggingarinnar byrja frestirnir samkvæmt tölulið 4 að nýju varðandi breyttan eða endurheimtan hluta.

(7) Nýting samningsgerðarréttar samkvæmt þessari reglugerð (riftun, uppsögn eða samningsaðlögun) þarf að vera með skriflegum hætti, hvort sem þú eða við nýtum samningsgerðarréttinn. Hafir þú ekki tilnefnt neinn annan sem umboðsmann telst tryggingarþegi hafa umboð til þess, að þér látinum, að taka við yfirlýsingu frá okkur. Ef enginn tryggingarþegi er fyrir hendi eða reynist ekki hægt að finna aðsetur hans getum við litið svo á að eigandi

tryggingarskírteinisins hafi umboð til að taka við yfirlýsingunni.

---

**§ 21 Hvað gildir í herþjónustu, róstum eða stríði eða við notkun eða losun kjarna- sýkla- eða efnavopna/efna?**

---

(1) Meginreglan er að greiðsluskylda okkar helst óháð því hvaða orsök veldur bótaskyldunni. Við veitum einnig sér í lagi tryggingarvernd ef hinn tryggði eða í félagatryggingum einn hinna tryggðu lætur lífið við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

(2) Við andlát hins tryggða eða í félagatryggingum eins hinna tryggðu fyrir ellilífeyrisgreiðslubyrjun í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsatburði er greiðsluskylda okkar skert. Í þessu tilviki takmarkast greiðslurnar úr ellilífeyrisþættinum og úr inniföldum þætti höfuðstól við andlát við endurkaupsvirði reiknað á viðmiðunardegi (§ 18). Endurkaupsvirðið er reiknað miðað við fyrsta næsta mánaðar eftir andlátsdaginn. Útborgun fer aðeins fram ef endurkaupsvirði yrði greitt við uppsögn á sama tíma. Frádráttur samkvæmt § 18, tölulíð 1 b, fer ekki fram.

Þessi takmörkun greiðsluskyldu okkar fellur niður ef hinn tryggði eða í félagatryggingum einn hinna tryggðu lætur lífið í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsatburði sem hann lenti í meðan hann dvaldi utan Sambandslýðveldisins Þýskalands og tók ekki virkan þátt í.

(3) Við fráfall hins tryggða eða í félagatryggingum eins hinna tryggðu fyrir ellilífeyrisgreiðslubyrjun í beinu eða óbeinu samhengi við notkun kjarna- sýkla- eða efnavopna af ásettu ráði eða notkun eða losun geislavirkra, líffræðilegra eða kemískra efna af ásettu ráði takmarkast greiðsluskylda okkar samsvarandi ákvæðinu í tölulíð 2. Þetta gildir aðeins ef notkunin eða losunin stefndi að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu. Frádráttur samkvæmt § 18, tölulíð 1 b, fer ekki fram. Tölulíður 2 helst ósnortinn.

(4) Gildi takmörkun greiðsluskyldu okkar við fráfall hins tryggða samkvæmt tölulíð 2 eða tölulíð 3 lækka greiðslur úr inniföldum eftirlífendalífeyrisþáttum niður í upphæðina sem við getum leitt af reiknuðu endurkaupsvirði á viðmiðunardegi samkvæmt tölulíð 2 án frádráttar (§ 169 VVG samsvarandi).

---

**§ 22 Hvað gildir við sjálfsvíg hins tryggða eða eins hinna tryggðu?**

---

(1) Við sjálfsvíg greiðum við ef 3 ár eru liðin frá gerð tryggingarsamningsins.

(2) Við sjálfsvíg fyrir lok þriggja ára frestsins helst tryggingarverndin aðeins ef okkur er sannað að vígið hafi verið framið í sjúklegu geðtruflunarástandi sem útilokaði frjálsa vilja-ákvörðun eða undir þrýstingi þungbærra, líkamlegra þjáninga. Annars takmarkast greiðsluskylda okkar úr ellilífeyrisþættinum og inniföldum þætti höfuðstóls við fráfall við endurkaupsvirði reiknað á viðmiðunardegi (§ 18), í hæsta lagi við samningsbundna greiðslu við fráfall. Endurkaupsvirðið er reiknað miðað við fyrsta næsta mánaðar eftir andlátsdaginn. Frádráttur samkvæmt § 18 tölulíð 1, fer ekki fram.

(3) Gildi takmörkun greiðsluskyldu okkar við fráfall hins tryggða samkvæmt tölulíð 2 lækka greiðslur úr inniföldum eftirlífendalífeyrisþáttum niður í upphæðina sem við getum leitt af reiknuðu endurkaupsvirði á viðmiðunardegi samkvæmt tölulíð 2 án frádráttar (§ 169 VVG samsvarandi).

(4) Tölulíðir 1 til 3 gilda einnig við breytingu sem víkkar greiðsluskyldu okkar eða við endurheimt tryggingarinnar. Við breytingu eða endurheimt tryggingarinnar byrjar þriggja ára fresturinn samsvarandi að nýju varðandi breyttan eða endurheimtan hluta.

---

**§ 23 Hvað ber að athuga þegar tryggingargreiðsla gjaldfellur?**

---

(1) Þegar krafist er greiðslu samkvæmt tryggingarsamningnum getum við krafist þess að tryggingarskírteinið sé lagt fram og opinbert vottorð um fæðingardag hins tryggða.

(2) Fyrir hverja lífeyrisgreiðslu getum við krafist opinbers vottorðs á okkar kostnað um að hinn tryggði sé enn á lífi.

(3) Andlát hins tryggða eða í félagatryggingum eins hinna tryggðu ber að tilkynna okkur tafarlaust. Eftirtalin gögn ber að afhenda okkur:

- opinbert vottorð um fæðingardag
- opinbert dánarvottorð þar sem tilgreindur er aldur og fæðingarstaður.

Lífeyrisgreiðslur sem tekið er við í heimildarleysi ber að endurgreiða okkur.

(4) Ef eftirlífendalífeyrisþáttur er innifalinn eða ef þú hefur samið um iðgjaldsendurgreiðslu ber að auki að senda okkur eftirtalin gögn:

a) ef tryggingin er án áhættukönnunar: vottorð um dánarorsök

b) ef tryggingin er með áhættukönnun: ítarlegt vottorð lækni eða embættis um dánarorsök og um byrjun og feril sjúkdómsins sem dró hinn tryggða eða í félagatryggingum einn hinna tryggðu til dauða.

(5) Til að sannreyna greiðsluskyldu okkar getum við krafist frekari nauðsynlegra sannana og sjálf gert nauðsynlegar rannsóknir. Kostnað sem tengist gagnaöflun ber sá sem krefst tryggingargreiðslunnar.

(6) Við yfirfærum greiðslu okkar til móttöku-rétthafa á hans kostnað. Við yfirfærslur til ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins tekur móttökurétthafinn einnig áhættuna sem tengist því.

---

#### § 24 Hvað felst í tryggingarskírteininu?

---

(1) Við getum litið svo á að eigandi tryggingarskírteinisins hafi heimild til þess að hafa umráð yfir réttindum samkvæmt tryggingarsamningnum, sérstaklega að taka við greiðslum. En við getum krafist þess að eigandi tryggingarskírteinisins sanni okkur rétt sinn.

(2) Í þeim tilvikum sem tilgreind eru í § 27, tölulíð 4, þurfum við aðeins að viðurkenna réttarsönnunina ef við höfum móttekið skriflega tilkynningu fyrri rétthafa.

---

#### § 25 Hvað gildir um tilkynningar og yfirlýsingar sem varða tryggingarsambandið?

---

(1) Tilkynningar og yfirlýsingar sem varða tryggingarsambandið geta haft afdrifarík áhrif. Þær ættu alltaf að vera í textaformi eða skriflegar, einnig þótt hvorki sé gert ráð fyrir því í lögum né í samningnum.

---

#### § 26 Hvað gildir samkvæmt lögum ef þú tilkynnir okkur ekki um breytingar á heimilisfangi þínu eða nafni?

---

(1) Ef þú hefur ekki tilkynnt okkur um breytingu á heimilisfangi þínu eða nafni nægir fyrir viljayfirlýsingu, sem þér er ætluð, að senda hana í ábyrgðarbréfi á það heimilisfang þitt sem okkur var síðast kunnugt undir því nafni sem okkur var síðast kunnugt. Þrem dögum eftir að bréfið var sent telst yfirlýsingin móttækin.

(2) Ef þú hefur gefið upp heimilisfang fyrirtækis þíns fyrir tryggingu gildir tölulíður 1 við flutning fyrirtækisins eftir því sem við á.

(3) Ef þú dvelur langdvölum utan Sambandslýðveldisins Þýskalands ættir þú, líka eigin hagsmuna vegna, að tilnefna mann sem býr innanlands og hefur umboð til að taka við tilkynningum okkar til þín (póstfulltrúa).

---

#### § 27 Hver fær tryggingargreiðslurnar?

---

(1) Greiðslurnar samkvæmt tryggingarsamningnum innnum við af hendi til þín sem tryggingartaka okkar eða til erfingja þinna ef þú hefur ekki tilgreint neinn annan einstakling sem

á að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum þegar til bótaskyldu kemur (tryggingarþegi). Þangað til að bótaskyldu kemur getur þú endurkallað rétt tryggingarþegans hvenær sem er.

(2) Þú getur kveðið skýrt á um að tryggingarþeginn eigi að eignast kröfurnar samkvæmt tryggingarsamningnum strax og órífanlega. Eftir að við höfum fengið yfirlýsingu þína er aðeins hægt að nema þennan rétt tryggingarþegans úr gildi með samþykki þess sem þú tilgreindir.

(3) Þú getur líka afsalað þér eða veðsett réttindi þín samkvæmt tryggingarsamningnum.

(4) Veiting og afturköllun tryggingarþegaréttar og afsal eða veðsetning krafna samkvæmt tryggingarsamningnum öðlast aðeins og fyrst þá gildi gagnvart okkur þegar fyrrverandi tryggingarþegi hefur tilkynnt okkur um það skriflega. Fyrrverandi tryggingarþegi er yfirleitt þú; en það geta líka verið aðrir ef þú hefur þegar gert ráðstafanir áður.

---

#### § 28 Hvernig er samningsgerðar- og sölukostnaður dreginn af iðgjöldum þínum?

---

Samningsgerðar- og sölukostnaðinum sem ákveðinn er við iðgjaldsútreikninga deilum við með jöfnum árlegum upphæðum á tímabil sem er minnst 5 ár en ekki lengra en til loka iðgjaldagreiðslutímans. Ef þú greiðir einstakt iðgjald millifærum við samningsgerðar- og sölukostnaðinn þegar í stað.

---

#### § 29 Fyrir hvað getum við krafði þig sérstaklega um kostnað?

---

(1) Ef eitthvað af þínum völdum orsakar aukaleg stjórnsýsluumsvif getum við, ef ekki var samið um annað, reiknað þér meðaltalskostnað í slíkum tilvikum sérstaklega til skuldar sem fast gjald. Það gildir við:

- útgáfu varaskjals fyrir tryggingarskírteinið eða afrit af tryggingarskírteininu
- gjaldfrestsveitingu þegar framhaldsiðgjöld eru ekki greidd
- vanskil iðgjalda
- endursendingu skuldfærslubeiðni
- frágang samningsbreytinga
- vinnu við afsöl og veðsetningar
- öflun yfirlýsinga einstaklinga um lausn frá þagnarskyldu
- iðgjaldssendingar frá þér frá stað eða greiðslusendingar frá okkur til staðar utan Sambandslýðveldisins Þýskalands.

(2) Hæð kostnaðar af ástæðum sem tilgreindar eru í tölulíð 1 geturðu séð í meðfylgjandi kostnaðaryfirliti. Við getum breytt kostnaðinum til framtíðar eftir sanngjörnu mati (§ 315

Borgaralegrar lögbókar). Gildandi kostnaðar-yfirlit hverju sinni geturðu fengið frá okkur hvenær sem er. Ef kostnaður sem til verður af ástæðum sem tilgreindar eru í tölu-lið 1 er ekki skráður í kostnaðaryfirlitinu helst tölu-liður 1 þó ósnortinn.

(3) Þú hefur möguleika á að færa sönnur fyrir því að í tilfalli af þínum völdum hafi ekki orðið til nein eða minni umsvif og kostnaður.

---

### § 30 Hvaða réttarreglur gilda?

---

Um þennan samning gilda þýsk lög.

---

### § 31 Hvar er hægt að bera fram kröfur fyrir rétti?

---

(1) Kæru sem byggja á samningnum geturðu borið undir dómstól sem hefur lögsögu þar sem aðalstöðvar okkar eru eða útibú sem sinnir þér.

Sá dómstóll er líka dómbær vegna kærumála sem hefur lögsögu þar sem þú hefur lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert. Þetta ákvæði gildir ekki um lögpersónur.

(2) Við getum eingöngu lagt fram kæru gegn þér við dómstólinn sem hefur lögsögu þar sem þú hefur lögheimili þegar málið er höfðað, eða venjulegt aðsetur ef lögheimili er ekkert.

Fyrir kæru gegn lögaðilum ákvarðast dómbær dómstóll af aðsetri aðalstöðva þeirra eða útibús. Ef fleiri varnarþing eru til lögum samkvæmt getum við einnig lagt fram kæru okkar þar.

(3) Ef ekki er kunnugt um lögheimili þitt eða venjulegt aðsetur þegar málið er höfðað ákvarðast dómbær dómstóll fyrir kæru vegna samningsins af aðsetri aðalstöðva okkar eða útibús sem sinnir þér. Þetta gildir samsvarandi ef tryggingartakinn er lögpersóna og aðsetur aðalstöðva hans er óþekkt.

---

## C Breytingar og viðbætur við almenna tryggingarskilmála fyrir ellilífeyrisþáttinn: Framtíðarlífeyrir Klassík

---

### Hvað gildir þegar samið er um frávik í notkun hagnaðarhluta á biðtímanum?

#### FL 1

Ef þú hefur samið um einstaklingsbundinn iðgjaldabónus í bakábyrgðartryggingu:

Í stað § 2 tölu-liðar 2 c kemur:

„(c) Með árlegum hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – fjármögnum við á biðtímanum iðgjaldsfrían rétt til aukagreiðslu (einstaklingsbundinn iðgjaldabónus). Árlegu hagnaðarhlutarnir sem þegar eru nýttir þannig eru þá bundnir til að fjármagna viðbótargreiðslur. Þeir eru þá ekki til ráðstöfunar til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat bóta-sjóðsins, t.d. vegna þess að lífslíkur verða lengri en gert er ráð fyrir í útreikningsforsendunum.

Í þessum greiðslum felast aukalegur tryggður höfuðstóll til ellilífeyris og aukalegur höfuðstóll við andlát. Við höfuðstól við andlát samsvara bónusgreiðslurnar alltaf tryggðum höfuðstól til ellilífeyris. Upphæð bónusgreiðslna fer eftir viðeigandi gjaldskrár-ákvæðum. Iðgjaldabónusarnir eiga aftur hlutdeild í hagnaðinum.“

#### FL 2

Ef þú hefur samið um „lífendabónus tilbrigði E“:

Í stað § 2 tölu-liðar 2 c kemur:

„(c) Með árlegum hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – fjármögnum við á biðtímanum iðgjaldslausan rétt til aukalegs tryggðs lífeyris (lífendabónus). Árlegu hagnaðarhlutarnir sem þegar eru nýttir þannig eru þá bundnir til að fjármagna viðbótargreiðslur. Þeir eru þá ekki til ráðstöfunar til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat bóta-sjóðsins, t.d. vegna þess að lífslíkur verða lengri en gert er ráð fyrir í útreikningsforsendunum.

Hafir þú samið um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun felst sú andlátstryggingarvernd einnig í lífendabónus. Lífendabónus á aftur hlutdeild í hagnaðinum og gjaldfellur með tryggða lífeyrinum úr grunnþættinum.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af viðeigandi gjaldskrárákvæðum.“

#### FL 3

Ef þú hefur samið um „lífendabónus tilbrigði T“:

Í stað § 2 tölu-liðar 2 c kemur:

„(c) Með árlegum hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til



annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – fjármögnum við á biðtímanum iðgjaldslausan rétt til aukagreiðslu (lifendabónus). Árlegu hagnaðarhlutarnir sem þegar eru nýttir þannig eru þá bundnir til að fjármagna viðbótargreiðslur. Þeir eru þá ekki til ráðstöfunar til að fjármagna hugsanlega nauðsynlegt endurmat bótasjóðsins, t.d. vegna þess að lífslíkur verða lengri en gert er ráð fyrir í útreikningsforsendunum.

Í þessum greiðslum felst fyrst aukalegur tryggður lífeyrir. Frá þeim tíma þegar heildarupphæð bótahöfuðstóla grunnþáttarins, þáttarins höfuðstóll við andlát og lifendabónussins yrði hærri en heildargreiðsla við andlát felur lifendabónussinn einnig í sér aukalegan þátt höfuðstóls við andlát. Hann er þannig gerður að heildarupphæð bótahöfuðstóla grunnþáttarins, þáttarins höfuðstóll við andlát og lifendabónussins samsvarar heildargreiðslu við andlát.

Hafir þú samið um greiðslu höfuðstóls við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun felst sú andlátstryggingarvernd einnig í lifendabónus. Lifendabónus á aftur hlutdeild í hagnaðinum og gjaldfellur með greiðslunni úr grunnþættinum.

Upphæð greiðslna úr bónusnum ákvarðast af viðeigandi gjaldskrárákvæðum.“

#### FL 4

Ef þú hefur samið um „millifærslu“ innan hópsamninga:

Svo lengi sem iðgjöld eru greidd á biðtímanum gildir eftirfarandi í stað ákvæðanna í § 2 tölulið 2 c:

„Árlegir hagnaðarhlutar eru millifærðir á móti iðgjöldunum með þeim hætti sem þau eru greidd eða færðir til tekna á iðgjaldareikningi samningsaðilans.“

**Hvað gildir þegar samið er um frávík í notkun hagnaðarhlutdeildar eftir að lífeyrisgreiðsla hefst?**

#### FL 5

Ef þú hefur samið um „útborgun hagnaðarhluta“:

Í stað § 2 töluliða 2 d og e kemur:

„d) Eftir lífeyrisgreiðslubyrjun greiðum við árlega hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns og árlega hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – ásamt elli- og eftirlifendalífeyrinum í

samræmi við greiðsluhátt þeirra, fyrst á þeim degi þegar 1 ár er liðið frá lífeyrisgreiðslubyrjun.

Þú getur tilkynnt okkur skriflega hvenær sem er á biðtímanum að þú viljir nýta hagnaðarhlutana efir að lífeyrisgreiðsla hefst á annan hátt en samið var um við samningsgerð. Þú verður að leggja umsóknina fram minnst 2 mánuðum fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

e) Auk árlegra hagnaðarhluta getur lokahagnaðarhluti bæst við við samningslok eða við byrjun elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslu. Hæð þessa lokahagnaðarhluta er ákveðin með tilliti til hagnaðar hverju sinni, vaxtaþróunar á fjármagnsmarkaði og þróunar dánartíðni. Bætist lokahagnaðarhluti við þegar samningi lýkur er hann greiddur út í einu lagi. Með lokahagnaðarhluta við byrjun elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslu fjármögnum við hækkun tryggðs lífeyris. Lokahagnaðarhlutar eru ákveðnir hverju sinni fyrir bótamál hvers reikningsárs. Þegar tilkynnt er um þá fyrir komandi ár er einnig hægt að ákveða lokahagnaðarhluta fyrir liðin tryggingarár að nýju hverju sinni. “

#### FL 6

Ef þú hefur samið um „viðbótarlífeyri“:

Í stað § 2 töluliða 2 d og e kemur:

„d) Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarhluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarhluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – árlega, á þeim degi sem lífeyrisgreiðsla hófst, aukalega iðgjaldsfría greiðslu. Í henni felst ellilífeyrir og, ef þátturinn eftirlifendalífeyrir er innifalinn eftir lífeyrisgreiðslubyrjun, eftirlifendalífeyrir. Hlutfall hans við ellilífeyrinn er jafnt og samsvarandi hlutfall við lífeyrisgreiðslubyrjun. Viðbótargreiðslurnar á hverjum tíma eiga eins og tryggðu greiðslurnar sjálfar hlutdeild í hagnaðinum með iðgjaldsfríum viðbótargreiðslum.“

Þú getur tilkynnt okkur skriflega hvenær sem er á biðtímanum að þú viljir nýta hagnaðarhlutana efir að lífeyrisgreiðsla hefst á annan hátt en samið var um við samningsgerð. Þú verður að leggja umsóknina fram minnst 2 mánuðum fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

e) Auk árlegra hagnaðarhluta getur lokahagnaðarhluti bæst við við samningslok eða við byrjun elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslu. Hæð þessa lokahagnaðarhluta er ákveðin með tilliti til hagnaðar hverju sinni, vaxtaþróunar á fjármagnsmarkaði og þróunar dánartíðni. Bætist lokahagnaðarhluti við þegar samningi

Lýkur er hann greiddur út í einu lagi. Með lokahagnaðarluta við byrjun elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslu fjármögnum við hækkun tryggðs lífeyris. Lokahagnaðarlutar eru ákveðnir hverju sinni fyrir bótamál hvers reikningsárs. Þegar tilkynnt er um þá fyrir komandi ár er einnig hægt að ákveða lokahagnaðarluta fyrir liðin tryggingarár að nýju hverju sinni.“

#### FL 7

Ef þú hefur samið um „samsettan hagnaðarlífeyri“:

Í stað § 2 töluliðar 2 d kemur:

„d) Eftir að lífeyrisgreiðsla hefst fjármögnum við með árlegum hagnaðarluta tryggingarþáttar þíns og árlegum hagnaðarluta annarra innifalinnna þátta – ef þeir eru ekki notaðir til annars samkvæmt sérstökum skilyrðum sem um þá gilda – samsettan hagnaðarlífeyri. Í honum felst aukalegur iðgjaldslaus ellilífeyrir og hækkun áður áunnins ellilífeyris. Ef þátturinn eftirlifendalífeyrir er innifalinn eftir lífeyrisgreiðslubyrjun felur samsettur hagnaðarlífeyrir einnig í sér eftirlifendalífeyri. Hlutfall hans við ellilífeyrinn er jafnt og samsvarandi hlutfall við lífeyrisgreiðslubyrjun. Árleg hækkun heildargreiðslu fer fyrst fram 6 árum eftir að lífeyrisgreiðsla hefst og þá er fundin út hækkun heildargreiðslu fyrra árs í prósentum.

Á biðtímanum geturðu hvenær sem er tilkynnt okkur skriflega að þú viljir nýta hagnaðarluta á lífeyrisgreiðslutímanum á annan hátt en ákveðið var við samningsgerð. Þú verður að leggja umsóknina fram í síðasta lagi 2 mánuðum fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.

Breyting hagnaðarlutdeildarprósentunnar getur ekki aðeins breytt framtíðarhækkunum heldur einnig greiðslum sem þegar eru til komnar vegna samsetts hagnaðarlífeyris. Þannig er jafnt hækkun sem lækkun samsetts hagnaðarlífeyris möguleg. Lækkun getur þó í mesta lagi farið niður í tryggðan lífeyri við lífeyrisgreiðslubyrjun. Við upphaf lífeyrisgreiðslu og við allar seinni breytingar upplýsum við þig um upphæð áðurnefndrar iðgjaldslausrar aukagreiðslu og hækkunarhlutfallið.“

Í stað § 2 töluliðar 2 e, fjórðu málsgreinar kemur:

„Með lokahagnaðarluta eftir byrjun elli- eða eftirlifendalífeyrisgreiðslu fjármögnum við hækkun samsetts hagnaðarlífeyris (sjá bókstaf d) sem ekki er hægt að ábyrgjast.“

#### Hvað gildir um tryggingar innan hópsamninga?

#### FL 8

(1) Orðin „trygging“ og „samningur“ eiga – sérstaklega varðandi tryggingargreiðslur og fresti – við hina einstöku (hluta-)tryggingu en ekki við hópsamninginn.

(2) „Iðgjald“ í § 10 á við upphafsstöðu hópsamningsins.

(3) Réttaráhrif við greiðsluvanskil, sem nefnd eru í § 12 og § 13, gilda um hópsamninginn þótt aðeins sé um hlutavanskil að ræða.

#### Hvað gildir um tryggingar á sértöxtum?

#### FL 9

Ef þáttur til sameiginlegrar eftirlifendafremfærslu er innifalinn í tryggingu þinni:

Í stað § 6 töluliðar 2 b kemur:

„Ef þú segir tryggingu þinni upp á viðbótariðtímanum greiðum við samkvæmt § 18.“

Í stað § 6 töluliðar 2 c kemur:

„Ef aðrir þættir eru innifaldir gildir:

- Höfuðstóll við fráfall eftir byrjun eftirlifendalífeyrisgreiðslu sem samið er um fyrir frestaða lífeyrisgreiðslubyrjun breytist.
- Þættinum höfuðstól við fráfall, örorkulífeyrisþætti eða slysaveiðbótartryggingu er ekki frestað.
- Greiðslur annarra innifalinnna þátta hækka í sama hlutfalli og tryggður lífeyrir.

Um greiðslubreytingar gilda viðeigandi gjaldskrárákvæði. Við tilkynnum þér um breytingarnar ef óskað er.“

Í stað § 18 töluliða 2 og 3 kemur:

#### „(2) Sérstök atriði í samningum með sameiginlegri eftirlifendafremfærslu

Ef þú segir tryggingu þinni upp og greiðir iðgjöld jafnóðum gerum við tryggingu þína iðgjaldsfria samkvæmt § 17 tölulið 1. Ef iðgjaldsfrír tryggður lífeyrir er lægri en 200 EUR á ári greiðum við þess í stað endurkaupsvirðið sem reiknað er samkvæmt tölulið 1. Með útborgun endurkaupsvirðisins fellur tryggingin niður. Ef trygging þín er iðgjaldsfrí geturðu ekki sagt henni upp.“

#### Hvað gildir um ellilífeyri fyrirtækis?

#### FL 10

(1) Einstök viðbótargreiðsla eftir umbreytingu í iðgjaldsfria tryggingu

Um tryggingar sem samið var um innan ramma ellilífeyris fyrirtækis gildir að eftir umbreytingu í iðgjaldsfria tryggingu getur þú

innan 6 mánaða hækkað iðgjaldslausan tryggðan lífeyri með einstakri viðbótar-greiðslu og án áhættukönnunar. Hækkunin getur þó aðeins náð hæð iðgjaldsskylds tryggðs lífeyris sem tryggður var þegar tryggingin varð iðgjaldsfrí.

Ef fleiri þættir felast í iðgjaldsfríu tryggingunni hækka tryggðar greiðslur úr þeim þannig að hlutfall greiðslna úr einstökum þáttum hvers til annars helst óbreytt.

Hækkun iðgjaldslausu tryggingagreiðslunnar sem verður við viðbótagreiðsluna er reiknuð út eftir viðurkenndum reglum tryggingafræð-innar og miðast við viðeigandi gjaldskrár-ákvæði við hækkun. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er.

## (2) Iðgjaldsgreiðsla

Einnig þegar iðgjald er greitt mánaðarlega er hægt að semja um það að iðgjaldsgreiðslan fari ekki fram með skuldfærslu – í þessu tilviki fellur § 11 töluliður 2, síðasta málsgrein, brott.

## (3) Höfuðstólsgreiðsla

§ 1 töluliður 2 b fellur brott.

## (4) Tryggingarvernd fyrir umönnunartilfelli

§ 9 fellur brott.

## FL 10a

Hagnaðarhlutdeild

Takmörkun örorkulífeyris sem tilgreind er í § 2 tölulið 2 c, seinni stríkmerktum kafla, fellur brott.

## Hvað gildir um tryggingar innan ramma barnabótalífeyris?

### FL 11

Yfirfærsla samnings tryggingataka til hins tryggða:

Þegar hinn tryggði er orðinn fullra 18 ára getur þú yfirfært samning tryggingataka til hins tryggða. Þar með verður hann viðsemjandi okkar.

## Hvað gildir þegar samið er um frávík við höfuðstólsgreiðslu við fráfall eftir lífeyrisgreiðslubyrjun?

### FL 12

Í stað § 1 töluliðar 3 kemur:

„(3) Deyi hinn tryggði á lífeyrisgreiðslu-tímanum greiðum við tryggðan höfuðstól áunninn við lífeyrisgreiðslubyrjun (§ 5) að frádregnum heildarellilífeyrisgreiðslum, sem þegar hafa verið greiddar, (að meðtöldum greiðslum úr hagnaðarhlutdeild). Með greiðslu upphæðarinnar fellur tryggingin niður.“

§ 7 töluliður 2 fellur brott.

Í stað § 8 kemur:

„Allt til þess að greiðsla ellilífeyris hefst getur þú samið við okkur um það að í stað umsam-innar höfuðstólsgreiðslu við andlát eftir lífeyrisgreiðslubyrjun verði tryggð andláts-greiðsla sem er margfalt hærri en lífeyrir sem tryggður er árlega eftir lífeyrisgreiðslubyrjun. Áhættukönnun er ekki nauðsynleg. Fyrir upphæð andlátsgreiðslunnar eru efri mörk sem eru m.a. háð umsömdum aldri við lífeyrisgreiðslubyrjun og meðaltalslíflíkum. Við tilkynnum þér um efri mörkin ef óskað er. Fyrir breytta höfuðstólsgreiðslu við andlát kann að verða nauðsynlegt að greiða aukalegt iðgjald. Hæð þess fer eftir viðeigandi gjaldskrárákvæðum. Við upplýsum þig um áhrifin ef óskað er. Fyrir umsókn um breytingu verður þú að virða sömu fresti og tilgreindir eru í § 5 tölulið 1.“

## Hvað gildir ef þú semur um að hafna möguleikanum á að velja milli tryggðs lífeyris og höfuðstólsgreiðslu samkvæmt § 5?

### FL 13

(1) Í tryggingu þinni er ekki samið um „tryggðan höfuðstól.“ Reglurnar í tryggingarskilmálunum sem eiga við tryggðan höfuðstól eru þar með merkingarlaugar fyrir tryggingu þína.

(2) § 4 fellur brott.

(3) § 5 fellur brott.